

83

14. júlí

2. gr.

Í stað »30 auro« í 46. gr. komi: 60 aurar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. september 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júlí 1914.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

84

6. ágúst

Reglugjörð

um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurlálfu, samkvæmt lögum 1. ágúst 1914.

1. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga 1. ágúst 1914 er algerlega bannað að flytja út úr landinu eða selja úr landinu allar aðfluttar nauðsynjavörur, svo sem matvæli, veiðarfæri, salt, kol o. s. frv. Þó er skipum heimilt að taka hjer kol eða aðrar birgðir, sem þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

2. gr.

Brot gegn fyrimælum 1. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., og auk þess skulu hinar afhentu nauðsynjavörur teknar aftur.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Í stjórnarráði Íslands, 6. ágúst 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.